

## FUNDARGERÐ

Árið 2020, miðvikudaginn 18. nóvember kl. 11:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík og einnig á fjarfundi í gegnum Teams.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir (á fjarfundi), Birgir Björn Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni, Hrafnkatli Hjörleifssyni og Tinnu Dahl Christiansen (á fjarfundi), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins undir lið 4: Róbert Ragnarsson og Jón Gíslason (báðir á fjarfundi).

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerð frá 15. október 2020

Lögð var fram fundargerð frá 15. október 2020 til umfjöllunar og afgreiðslu.

*Fundargerð frá 15. október 2020 var samþykkt án athugasemda og undirrituð.*

### 2. Ársskýrsla Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2019

Lögð var fram til kynningar ársskýrsla Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2019 ásamt endurskoðuðum og undirrituðum ársreikningi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2019. Fram kemur í ársreikningi 2019 að tekjuafgangur Jöfnunarsjóðs var 161,2 m.kr. samanborið við 38,6 m.kr. árið áður. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 5.552,8 m.kr., skuldir 4.762,5 m.kr. og eigið fé 790,3 m.kr.

### 3. Greiðslu- og rekstraráætlun 2020

#### Viðbótarframlög úr ríkissjóði/ Hækkun framlaga ársins 2020

Lögð var fram til kynningar uppfærð greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2020 (áætlun 4), að teknu tilliti til viljayfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um viðbótarframlag í Jöfnunarsjóð.

#### Staðgreiðsla 2020

Lögð voru fram til kynningar gögn um þróun staðgreiðslu á árinu 2020.

### 4. Sameiningar sveitarfélaga

#### Vinnureglur

Áframhaldandi umræða frá síðasta fundi um drög að vinnureglum ráðgjafarnefndar vegna úthlutunar framlaga á grundvelli a-liðar 1. gr. reglna nr. 782/2020. Lagðar voru fram tvær tillögur af starfsmanni Jöfnunarsjóðs. Formaður ráðgjafarnefndar vék af fundi undir þessum lið.

*Að lokinni yfirferð ákvað nefndin að fela lögfræðingi ráðuneytisins á skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála að koma tillögunum yfir á textaform og taka erindið aftur upp á næsta fundi nefndarinnar.*

### **Umsókn frá sveitarfélögum í Austur-Húnavatnssýslu**

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu aðsent erindi frá Samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar, dags. 11. nóvember 2020, þar sem óskað er eftir 22,2 m.kr. framlagi úr Jöfnunarsjóði.

Fram kemur í erindinu að skipuð hafi verið samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna í samræmi við 119. gr. sveitarstjórnarlaga og áætlað að atkvæðagreiðsla um sameininguna fari fram 5. júní 2021.

Róbert Ragnarsson verkefnisstjóri og Jón Gíslason formaður samstarfsnefndar gerðu grein fyrir erindi sínu og kom fram í máli þeirra að stefnt væri á að halda kosningarnar á næsta ári að því gefnu að ekki verði frekari samkomutakmarkanir, verkefnið hafi dregist á langinn m.a. sökum Covid-19 og að skipt hafi verið um ráðgjafa og kostnaður því hærri en gert var ráð fyrir í upphafi.

*Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að veita viðbótarframlag að fjárhæð kr. 7.989.000 með fyrirvara um gerð endanlegra viðmiðunarreglna.*

### **Umsókn frá Svalbarðsstrandarhreppi**

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Svalbarðsstrandarhreppi, dags. 10. nóvember 2020, um framlag vegna greiningar á mögulegum sameiningarkostum. Fram kemur í erindinu að ákveðið hefur verið að hefja vinnu við að greina styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri íbúa Svalbarðsstrandahrepps ef til sameiningar sveitarfélagsins kemur. Áætlað er að verkefnið verði unnið í vetur og niðurstaða liggi fyrir á fyrsta ársfjórðungi ársins 2021. Áætlaður kostnaður við verkefnið verði um 3,5 m.kr.

*Samþykkt var að veita framlag til Svalbarðsstrandarhrepps allt að fjárhæð 3,5 m.kr.*

## **5. Reykjavíkurborg**

### **Krafa um greiðslur framlaga úr Jöfnunarsjóði**

Lagt var fram til kynningar erindi borgarlögmans til ríkislögmans, varðandi svar við bréfi ríkislögmans, dags. 6. apríl 2020, um kröfu Reykjavíkurborgar um greiðslu framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Fram kemur í bréfinu ítrekun af hálfu Reykjavíkurborgar um þær kröfur og sjónarmið sem komu fram í bréfi, dags. 20. desember 2019. Komi ekki til greiðslu, ásamt vöxtum og vaxtavöxtum, fyrir 4. desember 2020 mun Reykjavíkurborg höfða mál á hendur íslenska ríkinu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## **6. Framlög vegna eflingar tónlistarfræðslu**

### **Framlög vegna 7. grein**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 17. nóvember 2020, ásamt yfirliti yfir framlög vegna eflingar tónlistarfræðslu skv. 7. gr. fyrir skólaárið 2020-2021. Á grundvelli reglna vegna samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 3. desember 2018 er Jöfnunarsjóði sveitarfélaga heimilt að veita sveitarfélögum framlög vegna nemenda sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags. Skilyrði er að fyrir liggi staðfesting um að námið verði metið til eininga í framhaldsskóla. Framlag á hvern nemenda fyrir skólaárið 2020-2021 er 486.282 kr. og

eru samþykktar umsóknir fyrir 16 nemendur. Heildarupphæð framlagsins er því 7.780.035 kr. sem greitt verður í jöfnum greiðslum á 12 mánuðum.

*Að yfirferð lokinni samþykkti nefndin tillögu að áætluðu framlagi vegna eflingar tónlistarfræðslu skv. 7. gr. að fjárhæð 7.780.035 kr. fyrir skólaárið 2020-2021.*

## 7. Sérstök verkefni

### Beiðni um framlög vegna jaðarsettra einstaklinga

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu aðsent erindi frá Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarbæ og Kópavogsbæ, dags. 17. nóvember 2020, þar sem sótt er um styrk úr Jöfnunarsjóði vegna þjónustu við jaðarsetta einstaklinga vegna Covid-19. Fram kemur í erindinu að um sé að ræða hóp einstaklinga sem hefur misst nauðsynlega þjónustu vegna hertra sóttvarnarráðstafana. Um er að ræða einstaklinga sem búa gjarnan við ótryggar og/eða bágar húsnæðisaðstæður og hafa átt athvarf í Kaffistofu Samhjálp, sundlaugum, bókasöfnum og öðrum almenningsstöðum sem hafa lokað. Verkefnið miðar að því að koma upp aðstöðu fyrir þennan hóp yfir daginn þar sem hann getur komið saman, fengið hádegismat og aðra þjónustu. Sveitarfélögin vinna í samstarfi við Hjálpræðisherinn sem mun bjóða hópnum aðstöðu í nýju húsnæði að Suðurlandsbraut 72. Sótt er um styrk að fjárhæð 3 m.kr.

*Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin að veita styrk til verkefnisins að fjárhæð 3 m.kr.*

## 8. Útgjaldajöfnunarframlög 2020

### Tillaga að hækkun framlaga ársins 2020

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 17. nóvember 2020, ásamt tillögu að úthlutun framlagsins. Ráðgjafarnefnd samþykkti á fundi sínum 25. september 2020 áætluð útgjaldajöfnunarframlög til sveitarfélaga árið 2020, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 1088/2018, samtals að fjárhæð 8.250 m.kr. Gerð er tillaga að hækka áætluð útgjaldajöfnunarframlög um samtals 1.550 m.kr. Áætluð útgjaldajöfnunmarframlög verða þá að fjárhæð 9.800 m.kr. á árinu 2020.

*Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin að hækka áætluð útgjaldajöfnunarframlög um samtals 1.550 m.kr. og leggja til við ráðherra áætluð útgjaldajöfnunarframlög fyrir árið 2020 að fjárhæð 9.800 m.kr.*

## 9. Framlög vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti

### Tillaga að hækkun framlaga ársins

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 17. nóvember 2020, ásamt tillögu að úthlutun framlagsins. Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum 19. júní 2020 tillögu að áætlun um úthlutun framlaga til sveitarfélaga vegna lækkaðra fasteignaskattstekna á árinu 2020. Áætlunin var byggð á áætluðu fjármagni til ráðstöfunar á árinu að fjárhæð 4.122,9 m.kr. Endurskoða þarf áætlunina á grundvelli breytinga á greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2020. Enduráætlun framlaga vegna lækkaðra fasteignaskattstekna á árinu 2020 er að fjárhæð 4.397,6 m.kr. sem er hækkun um 274,8 m.kr. frá fyrri áætlun.

*Að umræðu lokinni samþykkti nefndin að hækka áætluð framlög vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti um samtals 274,8 m.kr. og leggja til við ráðherra áætluð framlög vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti fyrir árið 2020 að fjárhæð 4.397,6 m.kr.*

## YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLA

### 10. Framlög vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna

#### Tillaga að áætlaðri úthlutun 2020

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 16. nóvember 2020, varðandi 3. áætlun sérþarfa fatlaðra nemenda fyrir árið 2020 ásamt útreikningum. Alls er lagt til að greitt verði með 822 einstaklingum. Af þeim hafa 703 verið metnir SIS mati og 119 á grunni eldri vinnureglna Jöfnunarsjóðs.

Til samanburðar var árið 2019 greitt með alls 741 nemanda, þar af 641 á grunni SIS mats og 138 á grunni eldri vinnureglna. Sú breyting var á vinnulagi framlags í ár að ekki hefur verið óskað eftir umsóknum frá sveitarfélögum heldur var notast við öll þau SIS mót sem gerð hafa verið (ásamt fyrirbyggjandi flokkun skv. eldri vinnureglum sjóðsins) og sá hópur keyrður saman við lögheimilis-skráningu þann 1. september 2019. Þar sem SIS mat ræður framlagi og gera má ráð fyrir að öll börn á grunnskólaaldri stundi nám, má færa rök fyrir því að óþarft sé að óska eftir umsóknum en notast þess í stað við fyrirbyggjandi gögn. Við þessa aðferð fjölgar nokkuð í hópi þeirra sem greitt er með, úr 741 í 822. Til þess að framlagið verði innan þess ramma sem fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir er lagt til að þær fjárhæðir sem fylgi flokkum taki eftirfarandi breytingum: framlag í hverjum SIS flokk lækki um 300.000 kr. og framlag eftir eldri vinnureglum lækki um 450.000 kr. Þar sem umsóknum hefur ekki verið safnað þykir rétt að gefa sveitarfélögum færi á að koma fram með athugasemdir áður en áætlunin geti talist endanleg fyrir árið.

*Ráðgjafarnefnd samþykkti tillögu til ráðherra um áætlaða heildarúthlutun vegna sérþarfa fatlaðra nemenda fjárhagsárið 2020, samtals að fjárhæð 1.168.250.000 kr. Endanleg áætlun ársins verður tekin fyrir á næsta fundi nefndarinnar þegar tekið hefur verið tillit til þeirra athugasemda sveitarfélaga sem berast.*

## YFIRFÆRSLA MÁLEFNA FATLAÐS FÓLKS

### 11. Almenn framlög vegna fatlaðs fólks

#### Tillaga að endanlegri úthlutun framlaga 2020

Lögð voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu 3. áætlun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2020 ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 18. nóvember 2020. Á fundi ráðgjafarnefndar þann 15. október sl. voru lögð fram drög að 3. áætlun ársins 2020. Var það niðurstaða fundarins að drögin yrðu send þjónustusvæðum og þeim gefinn kostur á að koma fram með athugasemdir. Tekið hefur verið tillit til athugasemda þeirra þjónustusvæða sem brugðust við og er ný áætlun því lögð fram.

Greiðslur reiknast vegna 1.274 einstaklinga (fjölgun um 74 frá fyrri áætlun), þar af er greitt með 1.058 á grunni SIS mats (fjölgun um 79) og 216 á grunni kostnaðar (fækkun um 5). Meðaltal SIS mats sem greitt er eftir er 7,9 og miðgildi er 8,0. Skráður kostnaður við þjónustu þeirra sem greitt er

með á grunni kostnaðar eru 4,24 ma.kr. (19,6 m.kr. að meðaltali) en var 3,58 ma.kr (16,2 m.kr. að meðaltali) við fyrri áætlun. Ekki er gert ráð fyrir að áætlunin verði tekin upp og því um endanleg framlög að ræða.

*Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að 3. áætlun almennra framlaga vegna fatlaðs fólks að fjárhæð kr. 16.870.000 yrði samþykkt.*

**Breytt tilhögun á röðun í SIS-flokka vegna framlaga 2020**

Erindinu var frestað fram á næsta fund nefndarinnar.

**12. Önnur framlög – 4. gr. reglugerðar nr. 616/2020**

**Umsókn frá Sveitarfélaginu Hornafirði**

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu aðsent erindi frá Sveitarfélaginu Hornafirði, dags. 3. nóvember 2020, varðandi umsókn um framlag frá Jöfnunarsjóði vegna úttektar og umbótavinnu í félagslegri heimaþjónustu fyrir fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Umbæturnar felast í endurskoðun á reglum og verklagi ásamt innleiðingu samskipta- og skipulagsforritsins Memaxi.

*Að umræðu lokinni ákvað nefndin að synja beiðni sveitarfélagsins um framlag.*

**13. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga**

**Breytingar á reglugerð**

Erindið var frestað fram á næsta fund nefndarinnar.

**14. Næsti fundur**

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar yrði 17. desember kl. 11:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:30.

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ásta Stefánsdóttir

---

Birgir Björn Sigurjónsson

---

Daníel Jakobsson

---

Karen E. Halldórsdóttir

---

Margrét Þórarinsdóttir

---

Stefán Vagn Stefánsson